

Ársskýrsla

Skógræktarfélags Akraness

2023



Aðalfundur Skógræktarfélag Akraness var haldinn í Jónsbúð mánudaginn 20. mars kl. 18. Stjórn félagsins var endurkjörin með þeim breytingum að Ellert kemur inn sem aðalmaður en hann var varamaður í fyrri stjórn. Þá hættir Stefán Teitsson sem varamaður í stjórn og sem varaskoðunarmaður reikninga en Halldór Stefánsson kemur í hans stað sem skoðunarmaður til vara. Stjórnina skipa: Jens Benedikt Baldursson formaður, Bjarni Þóroddsson varaformaður, Katrín Leifsdóttir ritari, Eiríkur Karlsson gjaldkeri. Meðstjórnendur: Einar Guðleifsson, Ellert Kristinn Jósefsson, Oddný Björgvinsdóttir. Varamenn: Helena Valtýsdóttir, Hjördís Hjartardóttir, Jóhannes Simonsen, Margrét Þorvaldsdóttir, Leó Jóhannesson. Skoðunarmaður ársreikninga: Lárus Ársælsson og Halldór Stefánsson til vara.

2023 var sæmilegt vaxtarár. Skv. Veðurstofu Íslands var veðurfar ársins 2023 fremur hagstætt. Það var hægviðrasamt, þurrt, snjólétt og illviðri tiltölulega fátíð. Árið var þó í svalara lagi ef miðað er við hitafar síðustu ára. Árið var tiltölulega þurrt og var úrkoma undir meðallagi um mest allt land.

Vorið var tiltölulega hlýtt og úrkomusamt suðvestanlands. Nokkur slæm suðvestan- og sunnanhvasviðri gengu yfir landið seint í maí sem ollu töluverðum skemmdum á gróðri. Tré, runnar og annar gróður misstu lauf og létu á sjá langt fram eftir sumri. Flest trén í skógrækt okkar jöfnuðu sig vel þegar leið á sumarið en nefna má að lítið var af reyniberjum um haustið.

Fyrstu tveir sumarmánuðirnir voru mjög ólíkir, í júní var óvenju þungruð og úrkomusamt en í júlí voru aftur á móti norðan- og norðaustanáttir ríkjandi og óvenju þurrt og sólríkt á vestanverðu landinu og var þetta víða langþurrasti júlímánuður frá upphafi mælinga. Þetta kom sér illa fyrir nýgróðursett tré hjá okkur og þurftum við að hætta gróðursetningu þegar leið á mánuðinn og töluverður tími og orka fór í að vökva plönturnar í uppeldisaðstöðu okkar. Ágúst mánuður var tiltölulega hlýr um meginhluta landsins, hægviðrasamur og þurr framan af.

Haustið var hægviðrasamt, snjólétt og veður almennt gott. Það var tiltölulega hlýtt sunnanlands.

Gróðursett voru 5.566 tré. Þar af um þrjú þúsund bakkatré sem við fengum frá Landgræðslusjóði og um tólf hundruð stærri tré, tré sem við höfðum pottað í fyrra og í sumarbyrjun og svo tré sem við eða aðrir keyptu og gróðursettu á svæðum okkar. Mest var gróðursett af birki eða 1.975 tré, þá kom ösp, 1.721 tré og stiklingar. Við fengum 735 bakka-aspir frá Landgræðslusjóði, hitt eru stiklingar sem við klipptum og settum í potta. Auk þessa eigum við fjölda asparstiklinga í pottum sem verða væntanlega settir niður á næsta ári. Það gekk sérstaklega vel að koma stiklingunum til þetta árið, þeir voru fljótir að ræta sig og laufgast.

Við gróðursettum rúmlega 1.000 grenitré, langmest sitkagreni en einnig blágreni. Þá voru gróðursettar tæplega 500 furur, bæði bakka-furur en einnig potta-furur sem höfðu verið settar í potta árið áður og dafnað ágætlega. Minna var gróðursett af öðrum trjám eins og gráelri (245), reynitrjám (9) og rússalerki (105). Og ekki má gleyma eðaltrjám sem við keyptum: nokkrar eikur, garðahlynir, heggur, rósareynir o.fl. tré sem keypt voru fyrir afmælisgjafir sem við fengum á 80 ára afmælinu árið áður.

Við settum rúmlega 2.000 tré í potta sem við geymum í uppeldisaðstöðu okkar við Einbúann og stefnum að því að gróðursetja á næsta eða þarnæsta ári. Mest eru það asparstiklingar sem við klipptum en einnig töluvert af furu. Þá fengum við bakka með hengibjörkum og rauðgreni en þau tré voru of lítil (eins og fururnar sem við fáum) til að gróðursetja á grösugum svæðum okkar og því settum við þessi tré í potta. Ekki má gleyma reynitrjánnum. Við tinum reyniber á haustin og setjum í mold. Í vor settum við fjölmargar litlar reyniplöntur í potta og vonumst eftir að þær nái að dafna næsta sumar. Loks settum við töluvert að bakka-birki í potta þar sem birkið sem við fengum síðasta sumar var óvenju lítið og dafnaði ekki nógu vel. Vonandi ná þau tré sér á strik næsta sumar.

Við fengum heilmikið af ósöluhæfri mold og áburði gefins frá Húsasmiðjunni síðasta vor. Moldin reyndist afbragðs vel við að potta tré. Þá var mold tekin við ýmis tré á ýmsum stöðum og sú mold blönduð við moldina sem við fengum gefins eða keyptum árið áður í von um að smita heppilegar örverur og sveppi í pottana sem trén eru sett í.

Langmest var gróðursett í Slögu en einnig var nokkuð gróðursett í Garðaflóa.

Félagsmenn gróðursettu flestar plönturnar, aðallega stjórnarmenn og venslafólk þeirra, en nefna verður Grétar Einarsson sem nú býr í Reykjavík en kemur á Akranes og gróðursetur með okkur. Með honum koma oft þeir Sveinn og Vigfús og stundum fleira fólk. Fleiri félagsmenn koma stundum og vinna með okkur. Útskriftarnemendur Fjölbrautaskóla Vesturlands á Akranesi koma tvisvar á ári og gróðursetja með okkur stærri tré við Þjóðveginn. Soroptimistar gróðursetja á svæði sem þær sjá um í Slögu. Rótarýfélagar gróðursetja og grisja með okkur. Þá fengum við vinnuhóp frá garðyrkjustjóra til að vinna með okkur síðasta sumar. Fjölbrautaskólinn og Soroptimistar kaupa trén sem þau gróðursetja hjá Jóni Guðmundssyni, gjarnan stærri tré sem geta dafnað í háu grasinu. Þá gróðursetja sjálfbóðaliðar Skógræktarfélags Íslands fjölmargar plöntur.

Fyrstu trén frá Landgræðslusjóði bárust 23. maí en hengibirkið fengum við 26. sept. Bakkaplöntur voru gróðursettar fram í október en stærri tré voru sett niður fram í desember.

Plöntusjúkdómar. Óvenju lítið bar á meindýrum eins og asparglyttu. Hún virtist vera að ná sér á strik en illviðrin í vor virðast hafa farið illa með hana þannig að hún sást nánast ekki eftir þau. Sama gildir um aðra óværu, lítið bar á henni og því var lítið úðað nema einstaka sinnum í uppeldisaðstöðunni. Eftir óveðrið í lok maí sást asparglytta einungis í góða skjólinu í uppeldisaðstöðunni og því var nauðsynlegt að úða þar.

Möl og stígagerð: Stígagerðin er kostnaðarsamasti útgjaldaliðurinn hjá okkur. Bjarmar lagði fínan stíg í Garðaflóa skammt frá Klapparholti. Þessi stígur er ásamt snúningsplani hugsaður fyrir framtíð skógræktarinnar þarna og liggur inná framtíðar göngu- og hjólreiðastíg sem bærinn og/eða Vegagerðin munu gera. Undir stíginn var lagður jarðvegsdúkur sem reynst hefur vel þegar stígar og vegir eru lagðir í mýrlendi. Þetta var dýrasta framkvæmd ársins. Þá lagfærði Bjarmar stíga á nýjasta svæðinu neðan Slögu. Þetta eru grasstígar sem lagðir voru í mýrlendinu fyrir nokkrum árum með því að grafnar voru vatnsrásir meðfram stígunum. Þessar vatnsrásir hafa reynst vera of grunnar og stígarnir því blautir og ófærir stóran hluta ársins. Nú voru vatnsrásirnar dýpkaðar nokkuð og ræsin löguð.

Vonandi verður þetta til þess að hægt verður að vinna að skógræktinni stærstan hluta ársins en auk þess munu stígarnir gagnast almenningi í framtíðinni. Í skógrækt er nauðsynlegt að gera stíga svo hægt sé að flytja tré og verkfæri á ræktunarsvæðið. Reynslan sýnir að óaðgengileg svæði þar sem ekki eru lagðir stígar verða útundan í skógrækt. Auk þess er nauðsynlegt að hafa stíga af öryggisástæðum vegna hugsanlegra skógarelda.

Mold við gámana í Slögu. 2022 fengum við verktaka sem voru að flytja mold úr grunnum á Moldartippana til að sturta moldinni á svæðið við gáma okkar í Slögu. Þar var jafnað úr stórum kurlhaug fyrir nokkrum árum og sett þunnt lag af mold yfir. Illa hefur gengið að rækta nokkuð á þessu svæði og það hefur sigið töluvert. Í byrjun var markmiðið að fá þykkara moldarlag en verktakar og bílstjórar tóku afar vel í beiðni okkar svo að fyrri hluta ársins 2023 streymdu bílar með mold á svæðið. Þegar þiðnaði og í rigningartíð vorið 2023 vildu verktakar ekki flytja mold þangað, vörubílarirnir eru fljótir að festa sig í moldardrullu. Best er að flytja mold í frosti eða í langvarandi þurrkatíð þegar ekki er hætta á að bílarnir festi sig.

Þegar hvað mest barst af mold á svæðið ákváðum við að hanna útivistarsvæði með hólum og gördum sem myndu veita skjól fyrir gróður og mannfólk. Einnig er það reynsla okkar skógræktarfélöks að tré vaxa betur í halla þar sem síður er hætta á að pollar myndist við trén.

Seinni hluta ársins fengum við fremur lítið af mold á svæðið en þegar frysti undir lok síðasta árs fór aftur að berast mold til okkar. Allan tímann sem við fengum mold á svæðið fengum við jarðýtu frá Moldartippnum til að ýta út moldinni. Jarðýtan er frá verktakafyrirtækinu Þrótti og Magnús ýtustjóri og Helgi forstjóri hafa svo sannarlega reynst okkur vel. Allt hefur þetta verið skógræktarfélaginu að kostnaðarlausu.

Hvernig svæðið mun endanlega líta út fer fremur eftir því hversu mikla mold við fáum en teikningum sem við höfum gert. Helst viljum við reyna að klára svæðið í vor og sá í það grasfræjum, smára og fleiri jurtum og gróðursetja tré í garðana og hólana.

Sjálfbóðaliðar Skógræktarfélags Íslands mættu sunnudaginn 16. júlí og unnu hjá okkur í 5 daga til föstudagsins 20. júlí. Þetta voru 2 piltar og 3 stúlkur, frá Ítalíu, Spáni, Póllandi og Austurríki. Narfi skógfræðingur hjá Sí stjórnáði hópnum. Sett voru niður bakkatré og pottatré, tré sett í potta, stígar voru lagfærðir og margt fleira gerðu þau fyrir skógræktina okkar. Þau fengu að gista í skátahúsinu eins og venjulega og fengu ókeypis í sund. - Sjálfbóðaliðarnir komu aftur 22. ágúst ásamt Narfa og voru tvo daga, til 23. ágúst. Nú voru þau sex: frá Ítalíu, Austurríki og fjögur frá Spáni. Þau gróðursettu með okkur í Slögu og einnig var farið með öllum girðingum um skógræktarsvæðin og þær lagaðar. Það er ómetanlegt að fá þetta kraftmikla unga fólk til að vinna með okkur. Þau hafa fengið þjálfun í skógræktarvinnu hjá Skógræktarfélagi Íslands á Úlfjótuvatni og kunna því til verka. Þá er ekki síður mikilvægt að Narfi skógfræðingur er með okkur í vinnunni og skoðar skógræktina með okkur og veitir góð ráð. Hann og sjálfbóðaliðarnir hafa unnið með hinum ýmsu skógræktarfélögum og með þeim berst reynsla og þekking milli skógræktarsvæða.

Ingólfur Valdimarsson verktaki sló stígana hjá okkur eins og undanfarin ár. **Ingólfur lánaði okkur einnig „hand“-ruddasláttuvél.** Þetta er vél sem sláttumanneskjan gengur eftir en situr ekki í. Ingólfur hefur ekki verið að nota þessa vél og því fengum við hana lánaða en þurftum að láta Steðja gera við hana. Það var nokkur kostnaður en borgar sig samt. Þessi vél er eins konar millistig milli vélnanna sem fólk situr í og sláttuorfa. Kemst þar sem fyrrnefndu vélarnar komast ekki en kemst ekki alls staðar þar sem hægt er að fara með sláttuorfi.

Líf í lundi var haldið í fínu veðri á miðsvæðinu í Slögu mánudaginn 26. júní kl. 18 – 20. Skógræktarfélagið, Skátafélagið og Norræna félagið á Akranesi stóðu að viðburðinum. Veðurspáin var ekki hagstæð en við fengum fínasta veður, síðdegis létti til. Nokkur tré voru gróðursett, boðið uppá axarkast, Þóra sagði sögu, greinar voru tálgaðar og snúrubrauð bakað. Boðið var uppá ketilkaffi, grillaðar pylsur og lummur voru steiktar o.fl. Nokkru færri mættu núna en á síðasta ári en þetta var velheppnaður dagur. Það hefur reynst vel að fá fleiri félög en skógræktarfélagið til að standa með okkur að Lífi í lundi. Þá mæta fleiri til að sinna nauðsynlegum störfum eins og grillinu, ketilkaffinu, snúrubrauðinu, axarkastinu o.s.frv. Samt væri gott ef enn fleiri tækju þátt í starfinu þennan dag. Líf í lundi er haldið þegar sumarleyfi fólks er að hefjast og alltaf eitthvert fólk fjarverandi sem venjulega tekur fullan þátt í starfi þessara félaga. Reyna þarf að virkja fleiri. Þá væri hægt að skipuleggja fleiri viðburði eins og gönguferðir, fleiri leiki o.fl.

Jólatrjáasalan. Eins og á síðasta ári höfðum við lítið af jólatrjám í heppilegri stærð sem við tímum að missa. Því var ákveðið að auglýsa ekki jólatrjáasöluna nema á Facebook-síðu okkar og í pósti til félagsmanna og selja aðeins tré í einn dag. Jafnframt var tekið fram að við hefðum lítið af trjám en hægt væri að finna tré meðal stærri trjánna og jafnvel saga ofan af stærri trjám. Eins og við var að búast mættu ekki margir og fá tré voru seld. Hins vegar finnst okkur ánægjulegt að hitta félagi og velunnara skógræktarfélagsins og bjóða þeim uppá kakó og kökur og spjalla við okkur um skógræktina og annað. Veður var ágætt, frost um og yfir frostmarki, hægur vindur og smávægileg él, minna en ætla mátti skv. spám. Veðurspár virðast alltaf hafa áhrif á mætingu í jólatrjáasölu.

Framkvæmdasamningurinn við Akranesbæ rann út í lok árs 2020. Ekki hefur náðst að endurnýja hann en bæjarstjórn hefur samþykkt að veita okkur 3 milljóna árlegan styrk eftir sem áður.

Glíman við sauðkindina. Árlega fer nokkur tími í að laga girðinguna um Slögu, sérstaklega girðinguna að fjallinu, efst í Slögu, en hún skemmist oft í grjót-, aur- eða snjóskriðum. Í lok júlí komust rollur inn um hliðið að Ytra Hólmi sem hafði verið skilið eftir opið. Eftir nokkurn eltingarleik tókst að losna við þær. 25. sept. fengum við póst frá manni sem sagðist hafa séð rollur í Slögu. Jens fór um svæðið en sá engar rollur. 7. okt. fengum við póst frá hundeiganda um að rollur hefðu sést í Slögu, ekki síst ummerki um þær. Jens fann 3 rollur, tvær voru komnar yfir á land Óss en ein flúði á svæðið neðst í Slögu. Haft var samband við eiganda fjárins, bóndann á Þaravöllum hinu megin við Akrafjallið, sem sótti féð ásamt 10 manns. Það er afar mikilvægt að hætta að beita sauðfé í Akrafjalli, það er óþolandi rányrkja því fjallið ber ekki alla þessa beit og sauðféð leitar niður á skógræktarsvæði okkar og á lönd bænda sem ekki eru

með sauðfé og vilja ekki hafa að annarra bænda sauðfé sé beitt á þeirra land. Nýgræðingur getur ekki dafnað þar sem sauðfé er beitt. Við höfum prófað að gróðursetja birki, lerki, furu og fleiri tegundir ofan girðingarinnar í Slögu. Allur þessi gróður er snarlega étinn eða brotinn niður af þessum 10 – 20 kindum sem þarna eru að jafnaði.

2023 voru unnin 147 dagsverk (1 dagsverk = 8 tímar) á vegum skógræktarfélagsins. Haldnir voru 15 stjórnar- og vinnufundir. Á sumrin var þessum fundum blandað saman, fundað fyrst og síðan tekið til hendinni. Þá köllum við þetta vinnufundi og voru þeir á mánudögum kl. 17 - 19. Mestur tími fór í gróðursetningu og ýmislegt tengt henni eða um 400 tímar. Í plöntuframleiðslu fóru um 200 tímar (pottun plantna og ýmislegt tengt henni, vökvun, tína amagróður úr pottun, tiltekt í uppeldisaðstöðu, asparstiklingar voru klipptir o.s.frv.). Það veldur töluverðri aukavinnu að við erum ekki með vökvunaraðstöðu við Einbúa heldur verðum að sækja allt vatn á bensínstöðvar í 1000 lítra tanki. Í mannvirkjagerð fóru um 200 tímar (smíði og viðhald hliða, girðinga, húsakosts og tækja, viðhaldi klósettskúrs í Slögu, slætti stíga, stígagerð, tiltekt, vatnslagnir og tengingar). Önnur vinna felst í jólatrjáasölu, grisjun, skýrslugerð og alls konar tölvuvinnu, skipulagningu, fundarhöldum o.fl. Slumpað var á tíma vegna þessarar vinnu, sem erfitt er að mæla, á að giska 250 tímar. Vinna okkar sjálfbóðaliðanna er vantalin eins og gjarnan er með vinnu venjulegs fólks.

Vinnustígur í Garðaflóa. 2022 var lagður vinnustígur um svæði okkar nálægt Einbúanum. Þetta var völdugur stígur fyrir vöruflutningabíla til að flytja mól og jarðveg á nýja byggingarsvæðið í Garðaflóa. Fjarlægja þurfti nokkur tré og fluttum við nokkur í Slögu. Verktakarnir tóku stærri trén upp með gröfu. Hluti þeirra var grafinn niður og virðist dafna þökkalega. Nokkur stór tré voru hins vegar lögð á jörðina og ekki grafin niður. Þau hafa fokið um koll og geta varla dafnað í framtíðinni. Leiðinlegt að svona hafi tekist til með stór og falleg tré þegar önnur voru færð til af vandvirkni. Það hefði ekki kostað mikla aukavinnu að ganga vel frá öllum trjánum svo þau mættu dafna á nýja staðnum.


Lokaorð. Á árinu var, líkt og árin 2021 og 2022, lögð meiri áhersla á að setja lítil tré í potta en að gróðursetja þau beint í háu grasinu. Á næstu árum kemur í ljós hvernig það reynist að láta trén vaxa fyrstu árin í pottum áður en þau eru gróðursett. Þá voru tré færð milli svæða. Það er ánægjulegt að hópar eins og Soroptimistar, nemendur Fjölbautaskólans o.fl. gróðursetji og sinni á annan hátt svæðum okkar. Sjálfbóðaliðar Grétars Einarssonar koma árlega og aðstoða okkur og félagar í Rótaryklúbbi Akraness vinna í skógræktinni á hverju ári. Bjarnþór Kolbeins hefur tekið drónamyndir fyrir okkur. Vinna ótalmargra sjálfbóðaliða í gegnum árin hefur gert Slögu og Garðaflóa að þeim skógræktarsvæðum sem þar eru í dag. Félagið hefur notið mikillar velvildar í samfélaginu. Bæði hafa fyrirtæki og starfsmenn þeirra reynst félaginu vel og bæjarfélagið hefur styrkt starf þess. Nefna má fyrirtækin Bjarmar, Ingólf Valdimarsson, Húsasmiðjuna og Þrótt. Þá ber að þakka verktökum sem eru að flytja mold á Moldartippana en hafa affermt hana á svæði okkar í Slögu, okkur að kostnaðarlausu. Og Þróttur hefur ýtt moldinni út okkur að kostnaðarlausu. Í lokin þakka ég félagsmönnum og ekki síst stjórnarmönnum skógræktarfélagsins fyrir ómetanlegt framlag á árinu. Stjórnarmenn halda félaginu gangandi og gera það sem gera þarf. Fyrirtækjum og einstaklingum sem hafa stutt okkur beint og óbeint eru færðar þakkir.

Jens Benedikt Baldursson formaður

Í viðauka hér á eftir eru myndir og textar frá síðasta starfsári. Einnig myndir með merkingum á svæðum okkar. Þessar myndir eru sumar á heimasíðu okkar eða á Facebook-síðunni en reynslan sýnir að varhugavert er að treysta á að slíkar vefsíður lifi lengi. Þá varð þetta til þess að farið var yfir myndasafnið og myndir valdar. Það er töluverð vinna en nauðsynlegt til að veita innsýn í starf félagsins og sýna vöxt trjánna. Viðaukarnir eru tveir. Viðauki 1 er myndasafn síðasta árs. Viðauki 2 eru myndir af skógræktarsvæðum Skógræktarfélags Akraness og merkingar svæða. Þetta er sami viðauki og fylgdi ársskýrslunni 2021. Þess vegna er þessum viðauka sleppt í prentuðu ársskýrslunum 2022 og 2023 en vísað í þessar ársskýrslur á vefsíðu okkar skogak.com og prentuðu ársskýrsluna 2021.

Viðauki 1 með myndum og textum sem margar hafa birst á heimasíðu okkar:

<https://www.skogak.com/> eða á Facebook-síðunni: <https://www.facebook.com/groups/326273417742172/>
Janúar 2023. Framkvæmdir við bráðabirgðaveg nálægt Einbúanum. Ræsi sett á Miðvogslæk. Stór tré voru færð. Flest grafín niður en nokkur gleymdust á jörðinni. Myndir frá framkvæmdasvæðinu og Einbúanum.



Mikið af mold barst á svæðið við gámana í Slögu fyrri hluta ársins 2023. Myndir teknar jan. – feb.



Febrúar. Bjarmar flutti mold í snúningsplan við hlið 4. Laga þurfti hliðið, bilið milli stauranna gliðnar.



24. feb. jólatré og fleiri tré sett niður. – 27. feb. aspir fluttar úr Garðaflóa og settar niður í Slögu.



28. feb. Aðstaða skógræktarfélagssins séð frá Einbúanum. Uppeldisaðstaðan 21. jan.



5. mars. Ösp færð úr Garðaflóa í Slögu. – 13 mars. Klaki í Slögu. Frosið vatn stíflar ræsi.



Mars. Magnús ýtustjóri hjá Prótti. Mikið barst af mold á svæðið fyrri hluta ársins. Þegar ýtan hafði ýtt moldinni út og keyrt yfir hana varð ansi lítið úr stórum moldarhaugum.



17. mars. Bjarnþór Kolbeins tók drónamyndir sem notaðar voru til að skipuleggja svæðið.



20.- 21. mars. Bjarmar leggur stíg í Garðaflóa, nálægt Klapparholti. Jarðvegsdúkur var lagður undir en það er nauðsynlegt þegar malarstígar eru lagðir í mýrlendi. Annars hverfur mölin ofan í mýrina. Auk þess þarf að vinna þetta þegar frost er svo þungir bílar og vinnutæki sökkvi ekki í mýrina. Þetta var mesta framkvæmd félagsins á árinu.





24. mars. Möl lögð á jarðvegsdúk á miklu bleytusvæði í Garðaflóa. Nauðsynlegt að hafa þennan stíg færan í skógræktinni. Bærinn/Vegagerðin munu einhvern tímann leggja stíg þarna.



Mars. Einar Guðleifsson smíðaði 2 hjólagrindur til að hafa í Slögu og gaf borð og stóla. Hlið að inngangi 3 var lagað.



Mars. Bjarmar setti malarhrúgur á nokkrum stöðum til að nota eftir þörfum. M.a. var möl sett í djúpar holur á athafnasvæði okkar við Einbúann og á stígnum sem liggur meðfram þjóðveginum. – Apríl. Gengið meðfram girðingunni að fjallinu. Alltaf falla stórir steinar eða malar- eða snjóskriður á girðinguna og skemma hana.



19. apríl. Úskriftarnemendur Fjölbrautaskóla Vesturlands gróðursettu nálægt Einbúanum.



Apríl. Asparstiklingar voru klipptir og settir margir samam í potta með mold. Þar rættu þeir sig og voru síðar settir hver í sér pott.



2. maí. Slaga séð frá Akrafjalli.



4.maí. Við fengum töluvert af ósöluhæfri mold og áburði gefins frá Húsasmiðjunni.



11. – 17. maí. Loftræsting sett á nýja gáminn svo verkfæri eða annað í honum mygli ekki eða fúni. Nýjar skóflur málaðar í skærum lit svo þær verði meira áberandi í háu grasinu. Stöku sinnum týnast verkfæri eða gleymast þegar verið er að vinna með þau.



5. júní. Gróðursett með Soroptimistum.



9. júní. Gróðursett með Vigfúsi, Sveini og Grétari. 13. júní. Vökvunarbakki búinn til.



14. júní. Uppeldisaðstaðan við Einbúann. Sækja þarf allt vatn í 1000 lítra tanki og vökva með garðkönnum nema í vökvunarbökkunum. Þetta kostar mikla vinnu og yfirlegur á þurrkatímabilum eins og í júlí þetta árið þegar allt var skraufpurrt. Gott væri að hafa rennandi vatn þarna.



17. – 22. júní. Rótarýfélagar grisjuðu í Slögu. Hér slaka þeir á eftir góða vinnu. - Halda þarf klósetti við og hreinu. Einar tekur vatnið af á haustin og tengir aftur á vorin. - Slegið var á samkomusvæðinu nálægt klósettinu. Kjarsögin var notuð. Hún er svo öflug að nota þarf svuntu og góð gleraugu eða andltsklíf. - Nýtt skilti var sett upp neðan Slögu. Þ.e. efri hlutinn sem f auk í óveðri fyrir u.þ.b. ári síðan.



Líf í lundi mánudaginn 26. júní kl. 18 til 20. Veðrið reyndist betra en ætla mátti skv. veðurspám. Gróðursett voru nokkur tré. Pylsur voru grillaðar og lummur steiktar.



Trjágreinarnar voru tálgaðar og deigi vafið um þær og síðan bakað yfir eldi og borðað – snúrabrauð.



Axarkastið var vinsælt. - Þóra sagði sögu.



Ketilkaffið er vinsælt.



30. júní. Asparstiklingar pottaðir við Einbúann. Stiklingarnir voru klipptir í apríl og voru komnir með finar rætur og falleg blöð í júní. Pottarnir voru síðan settir í 90 lítra múrbala til að skýla plöntunum.



4. júlí. Gróðursett í Slögu, allt pottatré: birki, aspir, furur og sitkagreni.



Stígar í Slögu og við Einbúann slegnir með ruddasláttuvélinni sem Ingólfur lánaði okkur.



Sjálfbóðaliðar á vegum Skógræktarfélagis Íslands unnu með okkur frá mánudeginum 17. júlí til föstudagsins 21. júlí. Þau heita: Oliwia frá Póllandi, Mario frá Spáni, Carolina frá Spáni, Matteo frá Ítalíu og Leela frá Austurríki. Með þeim er Narfi Hjartarson skógfræðingur sem stjórnaði vinnu þeirra. Þau sváfu í skátahúsinu.

Á mánudeginum pottuðu þau asparstiklinga við Einbúann og tóku til í uppeldisaðstöðunni. Eftir hádegi mættu ungmennti á vegum bæjarins með flokksstjóra og unnu með okkur.



Á þriðjudeginum vann annar hópur frá bænum með okkur.

Sjálfbóðaliðarnir gróðursettu í Slögu mest falleg pottatré, furur, geni o.fl. frá því í fyrra og asparstiklingar frá því í vor.



Auk gróðursetningar var stígur yfir ræsi lagaður. Torf stungið upp og bætt í holur. Síðan var jarðvegsdúkur lagður yfir stígin og möl ofan á hann. Dekkin á kerrunni voru of mjó fyrir þunga mölina og moldin of mjúk svo kerran sökk niður og skemmdist smávægilega.



Á mið-myndinni sjást Matteo og Narfi fyrir framan fallegan ask í Slögu.



23. júlí. Aspardrjólarnir (drjólí: stærri og sverari en hefðbundinn stiklingur) höfðu rætt sig afar vel og voru með fín blöð. Hefði þurft að setja þá fyrr í sér pott hvern um sig eða setja þá beint niður. – Annars slagið var valtarinn fylltur með vatni og keyrt yfir grasstígana í Slögu. Jafnar þá og bælar grasið.



24. júlí. Ingimar hjá Bjarmari mætti á traktorsgröfu í Slögu. Flutti malarhrúgur úr stóru hrúgunni sem þeir höfðu komið með á valda staði og settu einnig þunnt lag af mól yfir þetta ræsi sem alltaf hafði verið blautt. Grafan gat ekki flutt mól nema á fáa staði, þrátt fyrir þurrk þá er hún of þung þegar skóflan er full af mól.



Við keyptum ýmsar eðalplöntur fyrir afmælisgjafir sem við fengum á 80 ára afmælinu 2022. Hér má sjá nokkrar þeirra: Sumareik, Virginíuhegg, Alaskaepli, hjartalind og garðahlyn.



Drónamyndir sem Bjarnþór Kolbeins tók 26. júlí í Slögu. Fyrri myndin sýnir gámana og moldarflagið við þá. Sú seinni sýnir hluta Moldartíppsins og neðri stígana í Slögu, m.a. á nýja svæðinu (lengst til hægri). Neðst má sjá skógræktarsvæðið í "gömlu" Slögu og m.a. má greina miðsvæðið þar sem klósettið er.



27. - 30. júlí. Alltaf virðast rollur komast inn í Slögu og valda gjarnan miklu tjóni, sérstaklega á litlum plöntum. Furðulegt að enn séu leyfðar rollur á svæðinu í kringum Slögu og að ríkið geri engar kröfur til sauðfjáreigenda sem þiggja mikla styrki. - Miðmyndin sýnir vökvun við gámana í Slögu á þurkatiðabilinu í júlí.



Slegið var með ruddasláttuvél Ingólfs í hluta Slögu. Þá var hugsanlegur framtíðarstígur í gegnum gömlu skógræktina neðan Slögu sleginn með kjarsöginni (sem er sérlega öflugt sláttuorf). Nota þarf svuntu og andlitshlíf þegar kjarsögin spýtir grasi, njóla og öðru frá sér. Þarna eru víða há og falleg tré en stíga vantar. Ágætt að byrja á að forma stíga og leggja síðan ræsi ef þörf er á þeim.



1. ágúst. Fallegur askur í Slögu. Bak við hann alpareynir og gráreyrnir. - Narfi og hópurinn.



22. - 23. ágúst. 6 sjálfboðaliðar mættu með Narfa og gróðursettu í Slögu.



Gróðursett voru ýmis pottatré, aspardrjolar, bakka-sitkagreni o.fl. Þá var farið með girðingum og þær lagaðar. Myndirnar sýna aspir sem voru klipptar í vor og hafa dafnað ágætlega.



Fyrsta myndin er af hrymnum (lerki) sem var gróðursettur efst í Slögu fyrir nokkrum árum og hefur vaxið afar vel, betur en önnur tré. - 25. ágúst. Hinar myndirnar sýna bakka-aspir sem við fengum ásamt ýmsum pottatrjám sem voru gróðursett um haustið.



30. ágúst. Útskriftarnemendur Fjölbrautaskóla Vesturlands gróðursettu nokkur tré.



11. sept. Lás á klósettinu í Slögu var skemmdur. – 18. sept. Stjórnarfundur við Einbúánn.



21. sept gróðursett í Slögu um kvöldið. Fyrr um daginn gróðursetti Grétar.



27. sept. Hengibirki pottað. Tiltekt í uppeldisaðstöðinni við Einbúann.



29. sept. Gróðursett ofan Slögu, birki og fura. Við þrjóskest við að gróðursetja þarna, aðallega litlar plöntur sem ekki duga í grasinu fyrir neðan. Því miður eyðleggja rollurnar flest trén. En það verður að reyna, kannski lifa einhverjar plöntur. – Fyrir neðan má sjá finar furur í miðri Slögu.



7. okt. Reyniber kramin og blandað saman við mold. Eltingarleikur við 3 rollur í Slögu. Þar höfðu þær leynst nokkuð lengi.



17. okt. – 31. okt. Ingimar hjá Bjarmari lagfærði ýmsa stíga í Slögu. Hrunið hafði úr hlíðinni niður á stíginn og skemmt hann. Hlíðin var gerð meira aflíðandi og vatnsrásir dýpkaðar. Aðalvinnan var þó við stígana á nýja svæðinu þar sem vatnsrásir voru dýpkaðar, stígar breikkaðir og nýtt aðalræsi lagt. Vonandi haldast stígarnir lengur þurrir og helst færir allan ársins hring.



20. okt. Samkomugámur í Slögu málaður hvítur að innan. - 15. nóv. – 15. des. Vörubílar frá Jónasi Guðmundssyni verktaka komu með fína mold úr grunni í Hvalfjarðarsveit sem Magnús ýtustjóri hjá Þrótti jafnar út. Magnús er þarna byrjaður að forma garða sem þarna eiga að vera.



17. nóv. Drónamyndir sem Bjarnþór tók í Slögu.



26. nóv. til 7. des. Jens náði í jólatré. Nokkur tré tekin upp og færð á nýja svæðið neðst í Slögu.



17. des. Jólatrjáasala í Slögu.



Drónamynd frá 17. nóv. Inná myndina eru merktir hugsanlegir garðar og hólur, gjarnan skeifulaga (í bláum lit). Markmiðið er að garðarnir veiti skjól, sérstaklega fyrir vindunum frá fjallinu. Í garðana og hólana á að gróðursetja tré en markmiðið er að þarna verði einnig útivistarsvæði.

Stjórn Skógræktarfélags Akraness 2023 - 2024

Bjarni



Katrín



Eiríkur



Einar



Oddný



Ellert



Jens



Skógræktarfélag Akraness

Dalbraut 21, 300 Akranesi

<http://www.skogak.com/> jensbb@internet.is 897 5148

Facebook síða: <https://www.facebook.com/groups/326273417742172>

Kennitala: **6906892949**

Stjórn 2023 - 2024:

Jens Benedikt Baldursson, formaður

Bjarni Þóroddsson, varaformaður

Eiríkur Karlsson, gjaldkeri

Katrín Leifsdóttir, ritari

Meðstjórnendur:

Einar J. Guðleifsson - Ellert Kristinn Jósefsson - Oddný Björgvinsdóttir

Varamenn:

Helena Valtýsdóttir - Hjördís Hjartardóttir - Jóhannes Simonsen

Leó Jóhannesson - Margrét Þorvaldsdóttir

Skoðunarmenn ársreikninga:


Lárus Ársælsson - Halldór Stefánsson, varamaður

Stjórnin var kosin á aðalfundi félagsins 20. mars 2023


Viðauki 2. Skógræktarsvæði og merkingar




Gróðursvæði Skógræktarfélags Akraness meðfram Þjóðveginum 2018. Græna merkingin sýnir svæðið sem við fengum skv. samningi 4. nóv. 2002. Hestamenn nýttu stærstan hluta þess og girðingar þeirra voru ekki færðar fyrir en sumarið 2018 og þá skv. nýju deiliskipulagi. Smávægileg breyting var gerð 2021



Slaga 2013 með svæðamerkingum. Samningur frá 1990. Merkingarnar eru notaðar til að auðkenna hvar gróðursett var.



Neðsti hluti Slögu sem tilheyrir skógræktarsvæðinu skv. samningnum 1990. Girt 2018, hluti landsins var tættur og tré gróðursett. Síðan þá hefur verið gróðursett og stígar lagðir og ræsi sett niður. Númer stíga byrjar á NS (neðri Slögu). Lengd stíga er einnig á myndinni.



Stígar í Slögu og lengd þeirra í metrum. Stígar í Slögu eru númeraðir en í neðri Slögu byrja öll stíganúmer á NS.

Svæði neðan Slögu sem Skógræktarfélag Akraness óskar eftir að fá til skógræktar (neðsta myndin). B-svæðið tilheyrir skógræktarfélaginu skv. samningi frá 1990 en var fyrst girt 2018.

A-svæðið: Samningur var tilbúinn til undirritunar 2009 en var ekki undirritaður. Annars allt klárt.

Við óskum eftir D og E ásamt A og Akranesbær hefur lýst yfir velvilja en málið hefur dregist vegna skipulagsmála í Hvalfjarðarsveit og lögfræðipvargs við landeigendur. 2021 fékk Akranesbær skipulagsvald yfir landareign sinni á svæðinu og auglýsti nýtt aðalskipulag til umsagnar. Við óskuðum eftir stækkun skógræktarsvæðisins, jafnvel að hluti Moldartippa yrði útivistar- og skógræktarsvæði. Einnig að svæðið ofan Slögu yrði landgræðslu- og skógræktarsvæði.

